



# KALEIDOS

Fyrir 2-12 leikmenn, 10 ára og eldri

## INNIHALD

20 myndaspjöld  
4 blýantar  
Blokk með 100 blöðum  
Spilareglur  
4 spjaldastandar  
26 stafaspil  
1 stundaglas (einnar mínútu)

## MARKMIÐ SPILSINS

Markmið spilsins er að finna eins marga hluti á myndinni og hægt er sem byrja á tilteknum bókstaf.

## UNDIRBÚNINGUR SPILSINS

Setjið saman spjaldastandana og látið hvern leikmann hafa einn. Ef fleiri en fjórir spila er þeim skipt í 2-3 manna lið sem hvert um sig fær einn stand.

Skiptið myndaspjöldunum tuttugu í fjóra bunka með 5 spjöldum í hverjum, númeruðum 1-10, og setjið einn bunka á hvern stand.

Stokkið stafaspilin og setjið þau á hvolf á mitt borðið við hliðina á stundaglasinu.

Látið hvern leikmann fá blýant og blað.

## SPILIÐ

Leikmenn koma sér saman um hvaða mynd þeir ætla að nota og setja spjöldin með þeirri mynd á standana þannig að myndin blasi við þeim.

Síðan er fyrsta stafaspjaldinu snúið við og stundaglasinu um leið. Leikmenn mega þá strax byrja að reyna að finna eins marga hluti á myndinni og hægt er, sem byrja á bókstafnum sem upp kom á stafaspjaldinu.

Leikmenn skrifa öll orðin niður og mega ekki kíkja á það sem hinir skrifa. Umferðinni lýkur þegar runnið er úr stundaglasinu.

Í lok umferðar les hver leikmaður upp öll orðin sem hann hefur skrifað niður og ber saman við orð hinna leikmannanna:

- Hver leikmaður fær 3 stig fyrir hvert orð sem hann fann og enginn annar er með
- Hver leikmaður fær 1 stig fyrir hvert orð sem hann fann og einhver annar er með líka.

Einn leikmanna sér um að skrá niður stig allra á sérstakt blað.

Síðan hefja leikmenn nýja umferð með annarri mynd.

Spilið heldur þannig áfram þar til tíu umferðir hafa verið spilaðar og er skipt um mynd og stafaspil í upphafi hvernar umferðar.

## GILD ORÐ

Með „gildu orði“ er átt við allt sem greinilega má sjá á myndinni, ásamt almennari og sérhæfðari orðum. Til dæmis má lýsa bíl sem tiltekinni tegund (fjór hjóladrífinn, sjálfskiptur, skutbíll o.s.frv.) og brúðarslöri má t.d. lýsa sem einum af hlutum þess (efni, vefnaður)

Hvert orð má aðeins nota einu sinni og endurtekningar eru ekki leyfðar, t.d. má ekki skrifa sama orð í eintölu og fleirtölu, með mismunandi fallbeygingum eða með ólíkum rithætti (verslun/verzlun, pizza/pítsa). Fari andstæðingur fram á það verður leikmaður að geta sýnt honum nákvæmlega hlutinn á myndinni sem orðið á við um.

Ef sama orð getur átt við um mismunandi hluti á sömu mynd (t.d. jörð=pláneta og jörð=jarðvegur) má skrifa það niður oftari en einu sinni en þó þannig að reglan um bann við endurtekningum sé virt.

Ekki má skrifa niður orð sem er að finna sem texta eða áletrun á myndunum.

Ef vafi leikur á um hvort orð telst gilt má samþykkja það ef meirihluti leikmanna er sammála. Ef jafnmargir eru með og á móti telst orðið ógilt.

## SIGURVEGARI

Sá leikmanna vinnur sem fengið hefur flest stig í lok síðustu umferðar.

## LIÐAKEPPNI

Ef 4-12 manns spila er hægt að skipta í lið (allt frá 2 liðum með 2 leikmönnum í hvoru upp í 4 lið með 3 leikmönnum). Stig leikmanna í sama liði eru þá lögð saman í lok hvernar umferðar.

## TILLÖGUR HÖFUNDAR

Breyta má lengd spilsins með því að ákveða hversu margar umferðir verða spilaðar áður en spilið hefst.

Til að byrja með er alltaf hægt að snúa stundaglasinu við aftur til að lengja tímann. Einnig er hægt að taka erfiðustu stafaspilin úr stokknum.